



Leiðbeiningar um uppsetningu:

ELDHÚSINNRETTINGAR



innréttingar

Brúnás innréttingar • Ármúla 17A, 108 Rvk. • s. 588 9933 • www.brunas.is


Til hamingju með nýju eldhúsinnréttinguna þína!

Mikilvægt er að vel takist til við uppsetningu innréttingarinnar og því mælum við með að þú lesir vandlega yfir leiðbeiningarnar áður en hafist er handa.

Sölumenn okkar eru ávallt reiðubúnir til að veita þér góð ráð í gegnum síma. Sértu í vafa, skaltu ekki hika við að leita ráða. Leiðbeiningarnar eru ekki tæmandi.

Innréttingin er sett saman úr mörgum einingum. Við afgreiðslu hefur þeim verið raðað þannig saman að sem minnst fari fyrir þeim og hagstæðast og auðveldast sé að flytja þær. Gættu sérstaklega vel að fylgja leiðbeiningunum lið fyrir lið og að þú sért örugglega með rétt stykki, skrúfur og annað við hendina við samsetningu á hverri einingu.

Gættu vel að því að pakkafjöldi sem þú hefur, sé sá sami og getið er um á vörufylgibréfi.



Engar tvær innréttingar eru eins. Ef viður, sem er lifandi efni, er í innréttingunni hefur hann litblæ og víindi, sem gefur breytilegt útlit. Viður dökknar einnig nokkuð með aldrinum. Þessi eðlilegi breytileiki gefur innréttingunni þinni sitt einstæða útlit.

1



SÖKKULL

Hér hefjumst við handa...




EININGARNAR:


- A** Langstykki 2 stk.
- B** Endastykki 1 stk.
- C** Þverstykki
fjöldi fer eftir lengd sökkuls
- D** poki með dílum




- 1** Sökkullinn er settur saman með þverstykkjum. Lim er fyrst borið í forboruð göt, dílar reknir í og þrýst vel saman.




- 2** Þegar þverstykkjin eru á sínum stað er afturstykki sökkulsins sett á með sama hætti.




- 3** Endastykki 50 cm er síðan rekið á og þarf aðeins að koma á þá enda, sem verða sýnilegir.




- 4** Sökkullinn er settur á sinn stað og er dökkgrár að lit. Stundum er 16 mm klæðning sett framan á sökkullinn eða gólfefni.




- 5** Mikilvægt er að sökkullinn sé nákvæmlega láréttur. Það er athugað með hallamáli.



- 6** Sé gólfíð mjög óslétt verður að taka neðan af sökklinum. Hann er réttur af og strikað á hann langs með gólfinu. Síðan er sagað eða hefлаð að strikinu.



- 7** Útloftun fyrir innbyggðan ísskáp þarf að taka fyrir í sökkli.



- 8** Við staðsetningu er mikilvægt að endastykki sé sett rétt innfyrir endahlíð borðskáps. Ef sökkulklaðning eða gólfefni verður sett á þarf að taka það með í reikninginn.



Ef vel er vandað til við uppsetningu sökkuls, verður eftirleikurinn auðveldari.

2 BORÐSKÁPUR





EININGARNAR:


- A** Hliðar 2 stk.
- B** Botn og toppur 1 stk.
- C** Bak 1 stk.

POKI:


- a** Samsetningaboltar 12 stk.
- b** Spennirær 12 stk.
- c** Hornklossar 4 stk.
- d** Tengiskrúfur 6 stk.
- e** Skrúfur í vegg 2 stk.




Skápaeyingarnar eru teknar úr pakkningunni og raðað á gólfíð. Samsetningarboltarnir (a) eru skrúfaðir í endagöt borraðanna á hliðunum (A), þrír að ofan og þrír að neðan. Athugið að toppur og bak eru ekki notuð fyrir undirborðsofn.




1 Botn- og toppstykki (B) er þrætt upp á boltana. Göt fyrir spennirær (b) snúa út. Spennirærnar fara í götin og er síðan snúið í hálfhring.




2 Bakstykki (C) er nú með gætni rennt í raufrina í einingunum. Húðaða hliðin snýr inn.




3 Seinni hliðin (A) er nú sett á. Spennirærnar settar í götin og snúið hálfhring.




5 Skápnnum snúið með bakið upp.



6 Með hornamælingu skal gera skápinn hornréttan.




7 Hornklossar límdir í hornin og límið látið þorna.



8 Skápnnum er síðan snúið við og 5 mm gat borað í gegnum hornklossana.

9 UPPSETNING:



Skápnnum er raðað upp og festir saman með tveimur 30 mm skrúfum (d). forðist göt fyrir lamabotn, sjá 7. Skáparnir eru festir í vegg með 50 mm skrúfu (e) í bæði efri hornin. Dílar koma niður á milli langstykki til að skorða skáp af.

3 VEGGSKÁPUR






EININGARNAR:

A	Hliðar	2 stk.
B	Botn og toppur	2 stk.
C	Bak	1 stk.
D	Hillur	2 stk.

POKI:


a	Samsetningaboltar	8 stk.
b	Spennirær	8 stk.
c	Hornklossar	4 stk.
d	Tengiskrúfur	4 stk.
e	Skrúfur í vegg	4 stk.
f	Hillutappar	8 stk.
g	Plastvinklar	2 stk.



SAMSETNING:

sjá samsetningu á borðskáp - lið 2

UPPSETNING:



1 Réttsskeið (1) er sett nákvæmlega lárétt á vegginn með efri brún 567 mm (sjá snið á titilblaði) yfir borðskáp (án borðplötu). Gæta skal þess að veggskápar standist á við borðskápinn að neðan. Samsetning er með sama hætti og samsetning borðskápa sem lýst er hér fyrir framan.

2 Plastvinklar með dílum koma í bæði efri horn (2) og í gegnum þá skrúfast skápurinn fastur á vegginn með einni 50 mm skrúfu. Í neðra horn koma eins skrúfur en engir plastvinklar.

3 Skáparnir skrúfast saman (3) eins og lýst er í samsetningu borðskápa (hluti 2).

4 HÁR SKÁPUR




EININGARNAR:

- A** Hliðar 2 stk.
- B** Botn og toppur 2 stk.
- C** Bak 1 stk.
- D** Millibotnar - breytilegur fjöldi


POKI:

- a** Samsetningaboltar 12 stk.
- b** Spennirær 12 stk.
- c** Hornklossar 4 stk.
- d** Tengiskrúfur 30mm 6 stk.
- e** Skrúfur í vegg 50mm 2 stk.
- f** Millibotnatengi - breytilegur fjöldi



SAMSETNING:

sjá samsetningu og uppsetningu á borðskáp - lið 2
Athugið að samsetningaboltar eru þrír að ofan.




1 Skápurinn er settur saman með venjulegum hætti. Staðsetning millibotna er háð þeim tækjum eða skúffum, sem koma í skápinn. Sé t.d. gert ráð fyrir bakarofni og örbylgjuofni ofan við skáp eða skúffur, koma millibotnatengi (f). Aftan til í efsta hólfi þarf að loka með spjaldi (1) svo hlutir geti ekki fallið niður í loftrás.

2 Gengið er frá millibotnum (2) á þann máta að fjórar plasthulsur eru settar í passandi för á millibotnablötum. Málmstykki eru skrúfuð með Euroskrúfu (6x18mm skrúfu) í forboruð göt á skáphliðum.

3 Staðsetning og frágangur á skúffum sést á leiðbeiningum í lið 6 (skúffur). Neðsta braut í fyrstu borðtalið að neðan.

3 Þar sem skápur fellur ekki að vegg þarf að loka með aðfelli (3). Sé veggurinn skakkur eða ójafn þarf að laga aðfella eins og lýst var fyrir sökkul (2. hluti mynd 6). Aðfella er fest með 40 mm skrúfum innan úr skápnum.

5 HORNFRÁGANGUR



6 BORÐPLÖTUR




Borðplötur eru yfirleitt afgreiddar í réttri stærð, hafi mál verið tekin á staðnum fyrir framleiðslu. Göt fyrir skrúfur þarf að bora í toppstykki, í endaboxum um það bil 4 cm frá gafli (1).

Borðplatan skal ná 10-15 mm út yfir endahlið borðskáps. Bera skal kítta á kanta plötunnar, sem koma að vegg (2). Plötunni skal þrýst þétt að vegg og fest niður á borðskápana.

Plötur eru settar saman með meðfylgjandi borðlötutengjum. Taka þarf göt í toppstykki skápa svo komist verði að til að herða tengin innanfrá í skápunum (1).

Bera skal þunnan taum af siliconi efst og rakahellt lím undir á milli platna og draga þær síðan þétt saman með tengjunum. Gætið að plötur plani vel að ofan (yfirborð sé slétt).




7

SKÚFFUR





FORSTYKKI:



Þrýstið plaststöppunum niður (notið ekki hamar) í göt forstykkis þannig að járnhluti festingna snúi út af forstykkinu og reisið upp.

Skúffurnar koma frá hinu heimspekkta fyrirtæki Blum og eru þegar samsettar.




Nota skal þau göt á brautunum sem sýnd eru hér að ofan

BORRÖÐ FYRIR BRAUTIR


Brautirnar festast þannig í borraðir sem teljast frá botni:

Skúffur í skáp	forstykkjahæð: mm	Borrað / göt
5	136-125-125-125-125	1-7-13-15-19
4	336-125-125-125	1-11-15-19
3	336-253-125	1-11-19
3	456-125-125	1-15-19
2	584-125	1-19
2	456-253	1-15
1	125 + hurð 584 mm	19




Skúffubrautirnar skrúfast innan á hliðar skápsins í forboruð göt:

Fyrst er skúffubrautirnar skrúfaðar innan á hliðar skápsins og svo er skúffunni rennt í. Til að taka skúffuna aftur úr, þarf að lyfta henni upp og draga alla leið út.



STILLING Á FORSTYKKJUM:



8

LAMIR



EININGARNAR:


- | | |
|---------------------|--------|
| A Lamabotn | 2 stk. |
| B Löm | 2 stk. |
| C Skellibóla | 2 stk. |
| D Mjúklokun | 1 stk. |




Athugið að ein mjúklokun er sett á hurðir undir 100cm en tvær séu þær stærri

ÖRBYLGJUOFNÁLYFTA


Armar örbylgjuofnalyftu eru skrúfaðar innan á sitt hvora skáphlið með þremur skrúfum og hurðin síðan framan á.





Mjúklokun



1



2



3

Lyftubúnaður fyrir hurð á skáp fyrir örbylgjuofn

VASKUR / HALOGEN SMÁLJÓS



VASKUR OG ELDAVÉLAPLATA:

Nota skal þar til gerð snið eða hvolfa vask og hitaplötu á borðplötuna og merkja fyrir úrtaki.

Gatið skal staðsetja nákvæmlega og saga af gætni.

Æskilegt er að loka sárinu t.d. með lakki og á kraga vaska skal bera silicon til varnar raka og bleytu. Tækin skulu sett niður samkvæmt leiðbeiningum seljanda þeirra.

HALOGEN SMÁLJÓS:

Halogen eru 12V smáljós sem tengd eru spennubreyti. Áður en veggskápnur er tyllt upp á vegg, er ljósunum raðað upp og þau fest neðan undir skápana. Við vegg aftur undan ljósunum er tekið skarð í skápbottinn og leiðsla frá ljósinu þrædd upp, við bak skápsins. Spennubreyti er komið fyrir efst inni í skáp eða þar sem lítið fer fyrir honum og leiðslur frá ljósunum leiddar að honum.

Æskilegt er að rafvirki annist þennan frágang.